

Nicetravel ehf
Fiskislóð 45
101 Reykjavík

Reykjavík, 26. september 2023
UST202309-258/P.V.B.
09.04.00

Efni: Leyfi fyrir ljósmynda- eða kvikmyndatöku á friðlýstum svæðum

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Nicetravel ehf, dagsett, 25. september 2023, um leyfi til drónaflugs innan Skógafoss.

Skógafoss er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 477/1987](#). Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf og raska jarðmyndunum innan svæðisins. Samkvæmt [stjórnunar og verndaráætlun](#) náttúruvættisins er flug ómannaðra loftfara óheimilt á svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir skulu ekki trufla dýralíf innan náttúruvættisins og truflun við aðra gesti skal vera í lágmarki. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir sem geta haft áhrif á náttúru svæðisins og upplifun gesta eru háðir leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að mynda og fljúga dróna efst uppi við fossinn. Gert er ráð fyrir að fara þurfi útfyrir stíga til að komast frá öðrum gestum og koma í veg fyrir slys, hvar er ekki vitað. Mynd fylgdi með umsókn sem sýndi staðsetningu. Að verkinu kæmu 2-3 starfsmenn og myndi það taka 20-30 mínútur á tímabilinu 10:00-14:00 þann 27. september 2023.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins sé farið eftir skilyrðum leyfisins. Ef farið verður útfyrir stíga er hætt á raski á gróðri og slæmt fordæmi fyrir aðra gesti. Stofnunin metur að verkefni geti skert upplifun annara gesta en hægt sé að draga úr áhrifunum sé farið eftir skilyrðum leyfisins

Skilyrði:

Umhverfisstofnun synjar beiðni Ardit Bakiqi um að fá að fara út fyrir stíga á lokuðum svæðum innan friðlýsta svæðisins Skógafoss.

Umhverfisstofnun veitir Ardit Bakiqi fyrir sitt leyti leyfi fyrir drónaflugi innan Skógafoss sbr. lýsingu hér að ofan 27. september 2023 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.

- Einungis skal gengið eftir merktum göngustígum og óheimilt er að fara inn á lokuð svæði.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmd verkefnisins og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Myndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tókurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er. Færri gestir heimsækja svæðið snemma morguns og síðdegis.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Allur akstur utan vega er óheimill.
- Stjórnandi drónans skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að flugið valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ef loftfarið brotlendir eða bilar skal ábyrgðarmaður þess sjá til þess að allir hlutar þess verði fjarlægðir.
- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.
- Vegna lífríkisverndar er óheimilt að fljúga inn í gilið við Skógafoss.
- Óheimilt er að fljúga nær fuglabjörgum en 50 metra ef fugl er í bjarginu.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfisstofnun bendir á að dróna sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir, kvikmyndagerðar og/eða myndatöku er kr. **76.000**. sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 206/2023.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Ragnheiður Björk Sigurðardóttir
sérfræðingur

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
sérfræðingur